

Líf og list




Um sjón: Sigurveig Jónsdóttir


AÐ VERA TRÚR UPPRUNA SINUM

Sýning Kára Eiríkssonar að Kjarvalsstöðum 26. maí til 17. júní 1979

Það er greinilegt að við Íslendingar erum verbbólguþjóð, slíkt er fjárfestingaræði okkar. Gott dæmi um þetta er sýning Kára Eiríkssonar að Kjarvalsstöðum, aðeins 6 myndir af 71 voru eftir er ég leit inn á sýninguna á laugardaginn. Ef til vill hefur það ráðið einhverju



Mynd nr. 11 — Heysáta.



Mynd nr. 21 — Visismyndir: JA

myndlist



Olafur M. Jóhannesson skrifar:

um þessa miklu sölu hve myndirnar falla vel að Íslenskum innbúum.

En allt um það þá er þessi sýning Kára býsna kraftmikil og vel þess virði að hún sé skoðuð. Það sem einkum einkennir verk Kára Eiríkssonar eru grannar, þykktábornar litarlínur sem rjúfa á ofsafenginn hátt þunnáborinn ljóðrænan bakflöt. Þessi stíll Kára er um margt einstæður og gerir hann að sérstæðum og mjög eftirtektarverðum fulltrúa íslenskrar myndlistar. Að visu minnir litaspilið í myndum Kára dálítið

á aðferðir vissra erlendra málara svo sem Hans Hartung, en samt eru litirnir og sá innri ofsi sem liggur að baki línuþrúna Kára spröttinn úr íslensku umhverfi, hluti af íslenski skynjun. Enginn nema Vestfirðingur myndi beita slíku línuþrúna af jafn mikilli djörfung. Enda segir Kári í viðtali við Morgunblaðið þann 7. júní „Ég er Dýrfirðingur — spröttinn úr dýrfirskum jarðvegi, þaðan hef ég allt mitt... þaðan er uppruni minn. Sá er illa settur sem ekki þekkir sinn uppruna“.

Vissulega er Kári trúr sínum uppruna, hann hefur vafalaust legið í grasi eins og önnur sveitabörn og séð heiminn gegnum stráin. En hann er líka trúr sinni samtíð og hefur sem slíkur vafalaust skroppið til Malljorka og annarra álíka staða sem landinn leitir sólar. Bera nokkrar myndir hans merki um subræn áhrif, t.d. mynd 21, Sef, ljóðræn mild mynd, en Kári hefur einnig orðið fyrir áhrifum af götumálverkum sem seld eru útistum. Af allt öðrum toga er t.d.

mynd ellefu, Heysáta, sem mér finnst einna skemmtilegust á sýningunni, þar beitir Kári línunum sem sjálfstæðu afli en ekki eingöngu sem mótvægi við bakgrunn. Þessi mynd talar nýrri tungu í myndgerð Kára, hann hefur þarna gefið sig á vald línunni. Hefur tekið stökkið inn í heim línunnar og hann hefur einnig náð sambandi við þann lit sem er einna vandmeðfarnastur, lit grassins. Það borgar sig að vera trúr uppruna sínum. Fremur en velmáludum veggjum borgaranna. Hið fyrr-

nefnda gefur frið í sálina, hið síðarnefnda aura í pyngjuna. Að visu er það allrar þakkar vert er menn leitast við að lifga upp á hibi líti samborgara sinna. En þegar slík gleði snýst í sjálfumgleði: „Ég hef þá skoðun að til að halda sýningu sem þessa þurfi maður að vera meira en góður. Maður þarf að vera eitthvað annað. — Hvað? Það vitum við ekki“. Picasso var vanur að segja að hann kynni ekki að mála. Ja, mikill er nú munurinn á honum og Kára Eiríkssyni.

Lýst eftir skeggi

„Við erum komnir með 50 manns á skrá, en við þurfum að fá álfika stóran hóp til viðbótar“, sagði Troels Bendtsen í samtali við Vísi, en hann er einn þeirra sem undirbúa kvikmyndun Paradísarheimtar.

Við kvikmyndatökuna á Þingvöllum, sem á að fara fram síðast í þessum mánuði, eiga að koma fram um 100 statistar og verða þeir allir að vera með skeggi, því

meira því betra. Sérstaklega skortir á að eldri menn hafi gefið sig fram. Þeir, sem áhuga hafa, geta komið í Armúla 7, milli kl. 4 og 5 á daginn til myndatöku.

Kvikmyndun Paradísarheimtar er þegar hafin, m.a. í Þýskalandi, en um næstu helgi verða allir komnir hingað til lands, sem vinna við kvikmyndina. Þá mun vinnan hér fyrst hefjast fyrir alvöru.

—SJ



Þursaflokkurinn á góðri stund, t.f.v. Egill, Tómas, Lárus, Asgeir og Þórdur.



Ljósín í bænum halda fyrir eyrun, t.f.v. Gunnar, Friðrik, Gunnlaugur, Stefán, Eyþór og Ellen.

Rokkhljómleikar ársins í Höllinni í kvöld

Þursaflokkurinn, Ljósín í bænum, Magnús & Jóhann og Helgi Pétursson koma fram

Það verður væntanlega enginn svikinn af því að fara í Höllina í kvöld og hlusta á rokkónlist eins og hún gerist best á Íslandi. Í Höllinni troða upp tvær af þeim hljómsveitum, sem getið hafa sér best orð að undanförunu, Þursaflokkurinn og Ljósín í bænum, en auk þeirra koma fram Magnús og Jóhann og Helgi Pétursson, kynnrir kvöldsins, mun væntanlega taka lagið.

„Þursabit“ Þursa flokksins

Plata Þursaflokksins heitir „Þursabit“ og hefur einvörðungu að geyma frumsamið efni, sem sett er fram á svipadan hátt og á fyrri plötunni, þ.e. undir sterkum íslenskum áhrifum. Þursarnir héldu blaðamannafund um daginn á svonefndri Þursaflokkur við Elliðavatn og var nýja platan leikin af segulbandi úti undir berum himni, sem verður að teljast harla óvenjuleg kynningarabferð. Sjálfir vildu þeir sem minnst um plötuna tala og Egill yfirþurs gerði aðallega harðindin á 18. öld að umtalfefni.

Strax eftir hljómleikana í kvöld þakka liðsmenn hljómsveitarinnar þjónkum sínum saman og árla í fyrramálið verður stefnan tekin

á Keflavíkurflugvöll, þar sem ætlunin er að stiga um borð í flugvél á leið til Los Angeles. Það er að tilhlutan Jakobs Magnússonar að Þursarnir halda vestur um haf, þar sem þeir leika á þjóðhátíðarskemmtun landans að kvöldi 16. júní.

Laugardaginn 23. júní fara Þursar til frænda vorra í Færeyjum og skemmta þeim með söng og spili í Lærarskúlanum, en að því búnu er Kaupmannahöfn á dagskrá.

Fálkinn h.f. gefur „Þursabitið“ út.

Ljósín í bænum Disco Frisco

Nú er að koma út önnur plata Ljósanna í bænum og nefnist hún

Disco Frisco eftir samnefndu lagi. Ljósín hafa tekið miklum breytingum frá fyrri plötunni og eru aðeins þrjár meðlimir eftir af upprunalegu Ljósunum, Stefán S. Stefánsson, Ellen Kristjánsdóttir og Gunnar Hrafnsson. Nýju meðlimir Ljósanna eru Friðrik Karlsson gítarleikari, Eyþór Gunnarsson hljómborðsleikari og Gunnlaugur Briem trommuleikari.


Nýja platan tók um 200 tíma í stúdíói en upptöku stjórnadi Gunnar Þórðarson og er þetta fyrsta verkefnið þar sem Gunnar sér eingöngu um upptökstjórn (production). Öll lög og textar eru eftir Stefán S. Stefánsson en auk Ljósanna syngur Jóhann Helgason (áður Eiríksson) nokkur lög og við sögu koma einnig nokkrir stúdíókarlar.

„Platan hefur ekki neinn beinan boðskap að flytja“, sagði Stefán S. í samtali við Vísi, „en hún ber fyrst og fremst vott um lífsgleði og lífsvilja“.

Eftir hljómleikana í kvöld ætla Ljósín í bænum að geta í fótspor HLH-flokksins og gera víðreist um landið. Hljómsveitin hyggst gera hle á störfum sínum í júlí, en byrja aftur í ágúst og seinni hluta ársins er hugmyndin að herja á skólafólk.

Steinar hf. gefur út Disco Frisco.

—Gsal



Teikningar eftir breska myndlistamanninn Miles Parnell eru til sýnis þessa dagana Á næstu grösun, Laugavegi 42.

Miles Parnell er auglýsingateiknari að mennt og hefur hann dvalist hér á landi síðustu þrjú árin. Síðast hélt hann einkasýningu á verkum sínum í Gallerí Sólun Íslandus sumarið 1977.

Sýning Miles Á næstu grösun stendur fram til 15. júní.



Gamanleikurinn „A sama tíma að ári“ hverfur af fjöllum Þjóðleikhússins í næstu viku. Leikritið hefur þá slegið öll met í aðsókn og verið sýnt um 130 sinnum. Ekkert gamanleikrit hefur verið sýnt jafn oft í leikhúsinu. Sýningum fer einnig að fækka á leikriti Guðmundar Steinssonar, Stundarfrið, sem hefur verið sýnt fyrir fullu húsi í allt vor. Leikritið verður sýnt til loka leikársins, 24. júní. Á myndinni eru Bessi Bjarnason og Margrét Guðmundsdóttir í hlutverkum sínum í „A sama tíma að ári“.